

Ráðningarsamningur

Vopnafjarðarhreppur, kt. 710269-5569 og Íris Edda Jónsdóttir kt. 170791-2159 gera með sér svohljóðandi ráðningarsamning.

Ráðningarsamningur

Íris Edda Jónsdóttir er ráðin sem sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps kjörtímabilið 2026-2030 með eftirfarandi kjörum og skilmálum.

Ráðningartími

Sveitarstjórn ræður Írisi Eddu Jónsdóttur sem sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps. Sveitarstjóri tekur til starfa 01.06 2026 með þeim réttindum og skyldum er starfinu fylgja.

Starfssvið

Starfssvið sveitarstjóra er samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, reglum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Vopnafjarðarhrepps með þeim breytingum sem á þeim kunna að verða.

Sveitarstjóri er starfsmaður sveitarstjórnar og starfar með sveitarstjórn að framgangi þeirra mála sem ákveðin eru hverju sinni og til falla. Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsfólks sveitarfélagsins og skal sjá um að stjórnarsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Sveitarstjóri fer með daglega stjórn sveitarfélagsins, fjármálastjórn, starfsmannahald og er ábyrgur fyrir því að fjárhags- og framkvæmdaáætlanir sveitarfélagsins sé fylgt eftir.

Náið samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar og hreppsráðs. Sveitarstjóri undirbýr í samráði við oddvita sveitarstjórnar fundi.

Sveitarstjóri annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa. Gætir að hagsmunum sveitarfélagsins út á við, vinnur að framfaramálum þess og er talsmaður sveitarstjórnar. Framfylgir stefnu og framtíðarsýn sveitarstjórnar í málefnum sveitarfélagsins.

Starfskjör

Sveitarstjóri fær greidd föst mánaðarlaun nú kr. 1.100.000,- og taki þau breytingum í samræmi við þróun launa skv. kjarasamningi milli launanefndar sveitarfélaga og félags opinberra starfsmanna á Austurlandi.

Föst yfirvinna er 40 tímar á mánuði og greiðist með 1,0385% af launum.

Sveitarfélagið greiðir fastan starfkostnað kr. 30.000,- á mánuði. Skal sú greiðsla vera fyrir afnot af síma sveitarstjóra og nettengingu á heimili sveitarstjóra.

Fyrir akstur á eigin bifreið í þágu starfsins fær sveitarstjóri greitt samkvæmt kílómetragjaldi sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd ríkisins á hverjum tíma. Sveitarstjóri metur sjálfur þörf á akstri í þágu starfsins en oddviti sveitarstjórnar staðfestir akstursskýrslur hans.

Önnur atriði sem ekki eru tiltekin skal fara með samkvæmt gildandi kjarasamningum launanefndar sveitarfélaga og félags opinberra starfsmanna á Austurlandi og svo lögum um réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga eftir því sem við á hverju sinni.

Virkur vinnutími

Þó svo að vinnutími sé óreglulegur vegna eðli starfsins þá skal miðast við að virkur vinnutími á skrifstofu sé að öllu jöfnu frá kl. 08:00 til 16:00 virka daga og skal sveitarstjóri bjóða upp á viðtalstíma innan þess tíma.

Orlof

Orlofsréttur sveitarstjóra er 30 virkir dagar á ári. Sé óskað eftir að orlof sé tekið utan hefðbundins orlofstíma skal það gert í samráði við oddvita sveitarstjórnar.

Gildistími og uppsagnarákvæði

Samningur þessi tekur gildi þann 01.06.2026 og gildir til 01.06.2030.

Verði starfslok hjá sveitarstjóra að hans eigin ósk á ráðningartímanum er uppsagnarfrestur þrír mánuðir.

Verði hins vegar starfslok vegna uppsagnar af hálfu sveitarstjórnar á ráðningartímanum er fjögurra (4) mánaða uppsagnarfrestur. Segi sveitarstjórn samningi upp mun ekki verða krafist vinnuframlags sveitarstjóra í uppsagnarfresti.

Við lok samningstíma öðlast sveitarstjóri rétt til fjögurra (4) mánaðar biðlauna frá starfslokum. Mánaðarleg biðlaun samsvara umsömdum launum samkvæmt samningi þessum.

Vopnafjörður 26.06.2026